



Íbúar Húnavatnshreppi.

Í þessu fréttabréfi verður farið lítillega yfir framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins, skipulagsmál, samgöngumál og fl.

Framkvæmdir.



Unglingavinna. Í samstarfi við Blöndustöð Landsvirkjunar voru að jafnaði starfandi fjögur ungmenni hjá Húnavatnshreppi í sumar, tímabilið 11. júní til 21. ágúst, undir stjórn Finns Björnssonar. Unnið var við slátt og hirðingu opinna svæða í Ólafslundi og Gróustöðum og við Húnavelli, Húnaver og Dalsmynni. Viðhald fjárrétta, sleppihólfa, Áfangaskála og Fellsbúðar. Samstarf Blöndustöðvar og Húnavatnshr. um sumarvinnu unglunga hefur gengið mjög vel og vonandi verður framhald á því samstarfi.



Vallaból, lóð.

Unnið hefur verið við lóð leikskólans. Flytja þurfti talsvert af efni í lóðina austanverða og skipta um jarðveg í stígum. Lóðin var sléttuð, þökulögð og girt. Girðingastaurar voru steptir niður og girðingastæðið stallað. Sett voru upp útileiktæki og öryggismottur við leiktæki. Innan girðingar á eftir að helluleggja stíga og svæði umhverfis sandkassa austan leikskólans. Fullgera sandkassa, reisa lítið geymsluhúsnæði fyrir leikföng og setja upp lýsingu á lóð.

Fjárréttir.

Unnið var við viðhald í Undirfellsrétt. Rifin voru niður milligerði og gert við átta dilka. Reknir voru niður jarnstaurar og tréverk endurnýjað. Náttuginn við Undirfellsrétt var endurnýjaður. Í Auðkúlurétt var steptur miðjuhringur og smíðaðar grindur í innrekstrargang.



Fjallaskálar.

Í haust var unnið við endurbætur á Öldumóðuskála. Þar sem skálinn var farinn að halla var ákveðið að færa hann á nýjar og traustari undirstöður. Skálinn var einnig lengdur um 3,6 metra og komið þar fyrir auknu svefnplássi, eldunarstöðu og salerni. Lagt var rafmagn í skálann og vatnslögn að honum ásamt því að sett var niður rotþró.



Fráveitumál.

Áfram var unnið að úrbótum í fráveitumálum í sveitarfélaginu. Settar voru niður siturlagnir á ellefu bæjum og fimm rotþrær. Lög nr. 53 frá 8. mars 1995, er varða stuðning ríkisins við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum og giltu til 31. des. 2008, hafa ekki verið framlengd. Þetta þýðir aukinn kostnað fyrir sveitarfélagið því stuðningur ríkisins hefur numið allt að 20% af framkvæmdakostnaði, sem í raun getur talist endurgreiðsla á virðisaukaskatti sem greiddur er af efniskaupum og greiðslum til verktaka.



Húnavallaskóli.

Vegna lekavandamála var gert við þak kjarnabyggingar skólans á síðasta ári og þak íþróttasalur endurnýjað. Einnig var íþróttasalur málaður. Áfram er unnið að viðhaldi, nú er verið að skipta um glugga og svalahurðir í suðurhlið íbúða við Húnavallaskóla og glugga í bókasafni. Gluggar og hurðir eru frá Berki hf á Akureyri og verkið unnið af Húsherja ehf.

Fasteignir Húnavatnshrepps ehf.

Þriðjudaginn 10. febrúar 2009, var haldinn stofnfundur einkahlutafélagsins Fasteignir Húnavatnshrepps ehf. Formaður stjórnar var kjörinn Björn Magnússon, Hólabaki og meðstjórnendur þeir Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli og Birgir Ingbórsson, Uppsölum. Samkvæmt stofnsamningi er hlutafé félagsins 6 milljónir króna í eigu Húnavatnshrepps.

Í stofnsamningi og samþykktum félagsins kemur fram að tilgangur félagsins er bygging, kaup og sala íbúðarhúsnæðis, auk reksturs, útleigu, og endurbóta fasteigna ásamt lánstarfsemi og öðrum verkefnum er tengjast starfsemi félagsins. Samþykktirnar taka bæði til lánveitinga til félagslegra- og almennra leiguíbúða.

Lánsvilyrði liggur fyrir frá Íbúðalánasjóði vegna byggingar félagsins á parhúsi við Húnavelli. Við athugun kom í ljós að þær lóðir sem heimilt er að byggja á samkvæmt skipulagi henta ekki undir fyrirhugað húsnæði. Nauðsynlegt var því að sveitarfélagið færi í deiliskipulagsvinnu á svæðinu samhliða gerð aðalskipulags, sem er í vinnslu, en samkvæmt því er gert ráð fyrir þéttbýli við Húnavelli.

Unnin hefur verið deiliskipulagstillaga fyrir þéttbýli við Húnavelli, ásamt greinargerð og var hún samþykkt í hreppsnefnd þann 14. október s.l. Deiliskipulagstillagan verður auglýst samhliða breytingum á gildandi svæðisskipulagi A-Hún. Ljóst er að skipulagsferlið tekur sinn tíma, en að öllu óbreyttu ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að hefja byggingar á svæðinu næsta vor.

Aðalskipulag.

Haldnir hafa verið tveir íbúafundir vegna aðalskipulags og búið er að kynna fyrstu drög þess. Aðalskipulagstillagan hefur verið unnin áfram og í nóvember eða byrjun desember verður boðað til íbúafundar á Húnavöllum þar sem skipulagstillagan verður kynnt. Gert er ráð fyrir að aðalskipulagstillagan verði síðan afgreidd í auglýsingar- og athugasemdaferli í byrjun árs 2010.



Samgöngumál.

Íbúar Húnavatnshrepps finna vel fyrir því hvað malarvegir í sveitarfélaginu eru illa farnir vegna skertrar viðhaldsþjónustu á þeim. Langtímum saman eru vegir mjög slæmir yfirferðar og nánast ófærir til aksturs. Nauðsyn er á að stórauka viðhald þessara vega og flýta því að á þá verði lagt bundið slitlag. Hreppsnefnd hefur lagt mikla áherslu á að koma þessu á framfæri við ráðamenn vegamála hvar sem færi gefst, en því miður með litlum árangri enn sem komið er.

Vegna erfiðs ástands í þjóðfélaginu þá hefur fé til vegamála verið skorið niður. Þetta kom m.a. niður á framkvæmd við bundið slitlag á Reykjabraut sem komin var í útboð en frestað um óákveðin tíma. Einnig er óvíst um 40 millj. kr. sem ætlaðar voru til framkvæmda á Svínvetningabraut á þessu ári og 45 millj. kr á árinu 2010.

Á fundi með fjárlaganefnd Alþingis þann 30. sept. s.l. lögðu fulltrúar Húnavatnshrepps þunga áherslu á það að stjórnvöld tryggja aukið fé til viðhalds malarvega í sveitarfélaginu og að við endurskoðun samgönguáætlunar nú í haust verði staðið við fyrirheit sem gefin hafa verið um uppbyggingu Reykjabrautar þannig að framkvæmdir hefjist þar sem fyrst.

Leið ehf, ásamt Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar boðuðu til opins fundar í Húnaveri 3. okt. s.l. um vegamál og mögulegar vegstyttingar á Norðurlandi. Fundinn sátu um 30 aðilar, fjórlegar umræður og skoðanaskipti fóru fram um þessi mál. Mest var rætt um nýja Svínvetningabraut, eða Reykjabraut norðan Húnavalla með veglínu frá Brekkukoti að Fagranesi í Langadal með nýrri brú yfir Blöndu. Fulltrúar Húnavatnshrepps gerðu grein fyrir sinni afstöðu til þessa máls og lögðu mikla áherslu á að unnið væri að endurbótum á núverandi vegakerfi í sveitarfélaginu áður en hugað væri að nýjum vegum. Lagningu nýrrar Reykjabrautar í einkaframkvæmd með tilheyrandi vegtollum töldu þeir ekki koma til greina.



Rekstur sveitarfélagsins og horfur.

Unnið er að endurskoðun á fjárhagsáætlun Húnavatnshrepps fyrir árið 2009. Útlit er fyrir að tekjur sveitarfélagsins verði lægri en áætlun í upphafi árs gerði ráð fyrir. Munar þar mest um lægri framlög frá Jöfnunarsjóði.

Húnavatnshreppur er mjög háður framlögum frá Jöfnunarsjóði. Á árinu 2008 voru framlög sjóðsins rúmar 150 milljónir, eða um 50% af skatttekjum sveitarfélagsins. Gera má ráð fyrir að framlög sjóðsins lækki um 25 milljónir kr. á milli ára. Þar af er 12 milljón kr. lækkun á aukaframlagi sjóðsins vegna breyttra úthlutunarreglna á framlaginu. Ekki er heldur gert ráð fyrir tekjujöfnunarfamlagi úr sjóðnum en það nam rúmum 4 millj. kr árið 2008. Gert er ráð fyrir að önnur framlög sjóðsins lækki einnig.

Um leið og tekjur fara lækkandi þá veldur veiking krónunnar og verðbólga því að rekstrarútgjöld hækka.

Eftir þrjú góð rekstrarár þá er gert ráð fyrir því að nokkur halli verði á rekstri sveitarfélagsins á þessu ári. Ljóst er að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010 verður að fara rækilega yfir alla útgjaldaþætti og leita leiða til lækkunar útgjalda. Einnig verður að yfirfara gjaldskrár og tekjumöguleika sveitarfélagsins.

Skrifstofa Húnavatnshrepps.

Skrifstofa Húnavatnshrepps er opin mánudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 10.00 – 16.00. Símanúmerin eru 452-4660 og 452-4661, faxnr. er 452-4680, netföngin hunavatnshreppur@emax.is jens@emax.is veffang www.hunavatnshreppur.is

Húnavöllum 22. október 2009.
Sveitarstjóri Húnavatnshrepps.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.